

# Innmötun gagna

---

Þetta skjal er handa tæknimönnum, þannig ekki ætlast til að þú skiljir þetta frekar en nýtt tungumál á fyrsta degi.

## Einföld innmötun gagna

Ef þú ætlar ekki að lesa gögn úr Zenter kerfinu heldur einungis mata gögn inn þá er í lang flestum tilfellum best að POST-a á <https://samskipti.zenter.is/import/>

Það getur tekið við flestum gögnum sem þú vilt setja inn í kerfið og sér um að tryggja að allir viðtakendur séu sameinaðir rétt og að gögnin rati sjálfkrafa á rétta staði auk þess að sjálfvirkir ferlar fari af stað.

Ef þú ert ekki með upplýsingar um hvaða reitir eru í boði til að flytja inn gögn, þá er hægt að hafa samband við þjónustuborð og fá þá skjölun fyrir import fallið.

## API aðgangur

Tvær gerðir af gáttum eru aðgengilegar til þess að lesa og skrifa gögn grunn viðskiptavina.

### 1. Rest API

Grunn endapunktur: <https://samskipti.zenter.is/api/v1>

Skjölun má finna hér ef þú ert komin(n) með API notanda:

<https://samskipti.zenter.is/api/v1/doc>

### 2. GraphQL API

Endapunktur: <https://samskipti.zenter.is/api/v2>

Yfirgripsmynd yfir gáttina má finna hér: <https://samskipti.zenter.is/api/v2/voyager>

Skjölun má finna hér ef þú ert innskráð(ur) í kerfið: <https://samskipti.zenter.is/api/v2/docs>

Test IDE fyrir fyrirspurnir má finna hér: <https://samskipti.zenter.is/api/v2/graphiql>

Upplýsingar um hvernig skal sækja session token má finna neðst á forsíðunni fyrir gáttina:

<https://samskipti.zenter.is/api/v2>

ATHUGIÐ: Þar sem þetta er sama gátt og við notum fyrir birtingarmyndir í kerfinu þá er hann mikið víðtækari.

Til að stofna API notanda er farið undir stillingar í Zenter kerfinu, nýr notandi stofnaður og skilgreindur sem API notandi. Til að sækja aðgangsorðin er notandinn svo opnaður og farið undir notendastillingar á honum.

ATHUGIÐ: Ef API er notaður þá ber tenging á milli kerfa fulla ábyrgð á því að endurnýta viðtakendur sem þegar eru til í kerfinu og senda út ferla. Engin sjálfvirkni er Zenter megin þegar tengst er í gegnum þessar gáttir.

## Öryggi

Enginn eiginlegur mismunur er á öryggi eftir því hver af ofangreindum leiðum er notuð við innmötun á gögnum. Öll gagna samskipti við Zenter eiga sér stað með dulkóðuðum tengingum (HTTPS).

Gögn eru bara aðgengileg þriðja aðila með notkun á REST eða GraphQL gáttum sem krefjast auðkenningar.